

Mál nr. 6/2006

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar S

Drengur klemmdi finger í hurðarfalsi þ. 11.1.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.1.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.1172/02.
3. Bréf Heilbrigðiseftirlits dags. 11.1.2001
4. Bréf V dags. 27.1.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-9

Málsatvik.

Drengur klemmdist í hurðarfalsi í húsi S. Í bréfi heilbrigðiseftirlits segir að finger drengsins hafi klemmst þegar gripið hafi verið í hurðarkant til að opna dyrnar en annar drengur hafi skolið aftan á þeim fyrri og hurðin skolið aftur. S segir að umrædd hurð sé lokað þangað til líða fari að æfingu en þá sé hurðin opnuð. Í umrætt sinn hafi verið hópur drengja sem hafi verið með ærsl og hafi starfsmaður hússins beðið þá um að hætta áður en einhver slasaðist en mínútu síðar hafi slysið átt sér stað. Í lögregluskýrslu segir að ekki hafi verið vitni að slysinu en sá slasaði hafi sagt að hann hafi verið á leið inn ganginn með H og hafi hann verið á undan H að dyrunum og á leiðinni í gegn haldið hurðinni en þá hafi verið eins og H hafi runnið í bleytu á gólfinu og hrasað á hurðina með þeim afleiðingum að hún hafi skolið aftur og þrír finger hans klemmst illa. H skýrir frá með sama hætti. M krefst bóta og heldur því fram að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar þar sem engin hurðarpumpa hefði verið hurðinni en heilbrigðiseftirlit telji að slíkur búnaður hefði minnkað líkur á slysum sem þessum. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að tjónið verði rakið til saknæms vanbúnaðar fasteignarinnar eða vanrækslu starfsmanna S eða annarra atvika sem felli skaðabótaábyrgð á S. Vinnueftirlit ríkisins hafi tekið húsið út 2 dögum fyrir slysið og þar hefðu engar athugasemdir komið fram við hurðabúnaðinn.

Álit.

EKKI hefur verið sýnt fram á vanrækslu eða vanbúnað S í sambandi við umrætt slys. Ekkert bendir til vanrækslu starfsmanna eða annars sem fellt gæti skaðabótaábyrgð á S. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík . 14.2.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.